



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 31. október 2018

1810030SA GB
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um þált. um samgönguáætlun 2019-2033 ásamt tillögu að fimm ára áætlun 2019-2023, 172. og 173. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 5. október sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreind þingmál. Beðist er velvirðingar á því að umsögn berst eftir lok frests sem veittur var til 26. október sl.

Áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í samgöngumálum

Í stefnumörkun sambandsins 2014-2018 er á allmörgum stöðum vikið að samgöngumálum. Stefnumörkun var tekin til endurskoðunar á landsþingi sambandsins sem haldið var 26.-28. september sl. en uppfærð stefnumörkun mun ekki liggja fyrir fyrr en að lokinni umfjöllun í stjórn sambandsins í desember. Þær áherslur sem skipta mestu máli í samhengi við samgönguáætlun eru þessar:

- Sambandið skal vinna að því að sveitarfélög fái sanngjarna hlutdeild í gjöldum af umferð. Útfæra þarf hlutdeildina og útgreiðslu til sveitarfélaga með hliðsjón af auknum skyldum sveitarfélaga samkvæmt vegalögum og áherslu á vistvænar samgöngur.
- Sambandið skal gæta hagsmuna sveitarfélaga við mótun löggjafar um gjalddöku af ferðamönnum og töku ákvarðana um uppbyggingu innviða til að mæta auknum straumi ferðamanna til landsins. Ekki nægir að veita fjármagni til að vernda og byggja upp aðstöðu á ferðamannastöðum heldur þarf einnig að styrkja samgöngumannvirki og veita fjármagni til viðhalds þeirra til að þau standist aukið álag.
- Sambandið beiti sér fyrir því að ríki, sveitarfélög, landeigendur og ferðaþjónustan vinni saman að því að draga úr neikvæðum áhrifum af aukinni umferð ferðamanna á viðkvæma staði í íslenskrí náttúru. Áhersla verði lögð á nauðsynlega uppbyggingu á ferðamannastöðum og að umferð ferðamanna verði beint á landsvæði sem þola aukna umferð. Jafnframt verði lögð áhersla á að vegum og öðrum innviðum verði viðhaldið til að þeir þoli þá auknu umferð sem leiðir af fjölgun ferðamanna.
- Sambandið skal vinna að því, í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, að tryggja öruggan laga- og rekstrargrundvöll fyrir heildstætt kerfi almenningssamgangna milli og innan landshluta.
- Sambandið skal vinna að því að við stefnumótun í samgöngumálum verði vistvænar samgöngur settar í forgang með því að styðja sérstaklega við notkun



vistvænna orkugjafa, draga úr neikvæðum áhrifum af bílaumferð og auka jafnræði ólíkra samgöngumáta.

- Sambandið beiti sér fyrir því að við stefnumótun í samgöngumálum og forgangsröðun fjármuna til samgönguverkefna verði ávallt horft til þess að fyrir hluta landsmanna eru flugsamgöngur eini raunhæfi valkosturinn þegar kemur að almenningssamgöngum.
- Sambandið skal beita sér fyrir því að í opinberri stefnumótun um ferðapjónustu og uppbyggingu innviða í samgöngumálum verði horft til þess að fjölga komum og brottförum erlendra ferðamanna á öðrum stöðum en SV-horninu.

Ekki voru lagðar til grundvallarbreytingar á framangreindum áherslum á landsþinginu 2018. Tekið verður mið af umfjöllun á landsþingi eftir því sem við á í umfjöllun hér á eftir, með fyrirvara um að stefnumörkunin hefur ekki hlotið endanlega afgreiðslu í stjórn sambandsins. Tilfni er til að geta þess að á landsþinginu kom fram ríkur vilji þingfulltrúa til að efla innanlandsflug með því að skoða „skosku leiðina“ svonefndu og einnig kom skýrt fram að þörf er á að veita auknu fjármagni til viðhalds og uppbyggingar á flugvöllum ef það markmið á að nást að dreifa ferðamönnum betur um landið.

Ábendingar við samgönguáætlun 2019-2033

Almennt um samgönguáætlun

Sambandið getur almennt tekið undir þær megináherslur ríkisstjórnarinnar í samgöngumálum sem raktar eru á bls. 26-27 í langtímaáætluninni. Sérstaklega tekur sambandið undir eftirfarandi áherslur:

Við forgangsröðun í vegamálum verði sérstaklega litið til ólíkrar stöðu svæða, ferðapjónustu og öryggissjónarmiða.

Hraðað verði uppbyggingu í vegamálum og öðrum samgönguinnviðum hvort tveggja nýframkvæmdum og viðhaldi.

Áfram verði almenningssamgöngur byggðar upp um allt land og stutt við borgarlínu í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Unnið verði að því að gera innanlandsflug að hagkvæmari kosti fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Hugað verði að möguleikum til þess að opna fleiri gáttir til landsins og fjölga þannig þeim svæðum sem geta notið góðs af ferðapjónustu.

Möguleikar gangandi og hjólandi vegfarenda í þéttbýli verði auknir.

Stuðlað verði að samþættingu samgöngukerfisins með það að markmiði að það þjóni íbúum landsins, ferðamönnum og atvinnulífi með skilvirkum hætti.

Staða almenningssamgangna

Eins og nefndinni er kunnugt hafa verið talsverðir hnökrar á framkvæmd almenningssamgangna milli og innan landshluta frá því að samningar tókust árið 2012 milli Vegagerðarinnar og landshlutasamtaka utan höfuðborgarsvæðisins um að fela landshlutasamtökunum framkvæmd verkefnisins. Þessum samningum hefur nú öllum verið sagt upp og miðast umsögnin við næstu áramót. Vandamál hafa annars vegar snúið að fjármögnun og hins vegar lagaumhverfi. Þótt nokkrar umbætur hafi náðst fram á



lagaumhverfinu er þeirri vinnu alls ekki lokið og er mikilvægt að heildstætt regluverk verði sett ef ætlunin er að verkefnið verði áfram á forræði sveitarfélaga.

Viðræður um fjármögnun hafa staðið yfir að undanfögnu og hafa aðilar látið vinna ítarlegar skýrslur um stöðu og framkvæmd verkefnisins. Ljóst er að rekstrargrundvöllur verkefnisins hefur veikst á undanfögnu árum og er nauðsynlegt að ná niðurstöðu um fjármögnun annars vegar fyrir árið 2019, miðað við að samningar verði framlengdir um eitt ár, og til lengri framtíðar. Í ályktunum aðalfunda landshlutasamtaka er almennt lögð áhersla á mikilvægi almenningssamgangna til að jafna búsetuskilyrði en jafnframt koma fram miklar áhyggjur af ótryggum rekstrargrundvelli þeirra og nauðsyn á frekari stuðningi ríkisins.

Tilfni er til að vísa m.a. til ályktana ársþings SASS um framangreind atriði, sem fram koma í umsögn samtakanna um samgönguáætlun. Jafnframt er vísað til umsagnar sambandsins um drög að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Ábendingar sem lúta að fjölgun ferðamanna

Eins og ekki hefur farið framhjá neinum hefur ferðamönnum sem leggja leið sína til Íslands fjölgað mikið á síðustu árum. Þessi þróun hefur haft mjög jákvæð áhrif á fjárhag ríkisins en ekki endilega skilað sér nægilega vel til uppbyggingar til að treysta stöðir ferðaþjónustunnar. Tilfni er til þess að skilgreina í lögum hlutverk Vegagerðarinnar gagnvart ferðaþjónustu, s.s. hvað varðar fjölgun útskota á vinsælum ferðamannaleiðum, uppbyggingu áningarstaða og gerð bílastæða við ferðamannastaði. Jafnframt þarf að tryggja að fjárheimildir stofnunarinnar til viðhalds og uppbyggingar þjóðvegakerfisins skerðist ekki vegna slíkra nýrra verkefna.

Sérstök ástæða kann að vera til þess að flýta framkvæmdum á leiðum þar sem umferð ferðamanna veldur verra ástandi þjóðvega eða eykur slyshættu og skerðir þar með búsetuskilyrði heimamanna. Í því samhengi eru gjarnan nefnd sem dæmi framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar og Vatnsnessvegur í Húnaþingi vestra. Um Vatnsnesveg vísast nánar til umsagnar Húnaþings vestra þar sem m.a. er fjallað um áhrif slæms ástands vegarins á akstur skólabarna.

Það er langtíma verkefni að nýta betri flugsamgöngur til að bæta dreifingu ferðamanna um landið en ljóst er að sveitarstjórnir kalla eftir því að stjórnvöld stuðli eins vel og þeim er unnt að þeirri þróun. Á bls. 29 í langtímaáætlun kemur fram að farþegar í millilandaflugi til og frá öðrum flugvöllum en Keflavíkflugvelli voru aðeins um 50.000 árið 2017, þar af tæplega 7.000 á Akureyrarflugvelli og rúmlega 3.000 á Egilsstaðaflugvelli.

Margt þarf að breytast til þess að aukinn árangur náist og þarf m.a. að huga vel að innviðum á umræddum flugvöllum, þar sem skort hefur á fjárveitingar til viðhalds og uppbyggingar, en líkt og sjá má á bls. 38 í fimm ára áætlun er um langvarandi fjársveldi að ræða. Þar til viðbótar kemur fram að til þess að alþjóðaflugvellir í grunnneti, Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvellir uppfylli samræmdar kröfur EES-samningsins í reglugerð nr. 464/2007 um flugvelli er nauðsynlegt að setja upp aðflugsljós á fimm flugbrautum á þessum flugvöllum. Tryggja þarf fjármagn fyrir framkvæmdina sem þarf að vera lokið í árslok 2021. Í ljósi erfiðrar stöðu fyrirtækja í ferðaþjónustu á Norður- og Austurlandi verður að leggja mikla áherslu á þetta verkefni á næstu misserum og huga þá jafnframt vel að markaðsstarfi á þessu svæði.



Afstaða til hugmynda um gjaldtöku

Á bls. 36 í langtímaáætlun er umfjöllun um gjaldtöku fyrir notkun vegna, bæði almennt og vegna einstakra samgönguframkvæmda, án þess að settar séu fram beinar tillögur um útfærslu gjaldtöku. Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur ekki mótað stefnu um veggjöld til að fjármagna uppbyggingu samgönguinnviða. Ljóst er hins vegar að verkefnin á sviði samgöngumála eru mjög víða og er eðlilegt að skoða veggjöld sem leið til þess að flýta framkvæmdum þar sem það þykir fýsilegt. Forsenda slíkrar gjaldtöku í öðrum löndum er þó jafnan að vegfarendur hafi val um aðra leið, án gjaldtöku, og er eðlilegt að við það verði einnig miðað hér á landi. Með fjölbreyttari fjármögnun kann að vera mögulegt að flýta framkvæmdum sem gætu stutt við atvinnuuppbyggingu, aukið hagvöxt og samkeppnishæfni og öryggi vegfaranda. Sambandið hefur átt nokkra aðkomu að því að skoða leiðir til fjármögnunar stærri framkvæmda með samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila, þ.e. svo kallað PPP eða „Public Private Partnership“ fyrirkomulag. Er þess vænst að áfram verði haft samráð við fulltrúa sambandsins um þróun slíkra hugmynda.

Lokaorð

Samband Íslenskra sveitarfélaga fagnar því að samgönguáætlun er nú lögð fram ásamt útfærðri fjármögnun, sem er mikilvæg forsenda þess að hún geti nýst sem stjórnþæki. Jafnframt verður að ganga út frá því að fjármálaáætlun tryggji fjármögnun til að lágmarki næstu fimm ára. Í langtímaáætlun er síðan gert ráð fyrir umtalsverðri hækkun framlaga til samgöngumála en hafa verður ákveðinn fyrirvara á að sú fjármögnun verði jafn trygg í hendi. Sambandið telur mikilvægt að samgönguáætlanir verði samþykktar á yfirstandandi þingi. Að frátöldum ábendingum sem koma fram að framan telur sambandið sig ekki hafa forsendur til að leggja til breytingar á forgangsröðun einstakra framkvæmda.

Sambandið leggur hins vegar áherslu á að umhverfis- og samgöngunefnd taki afstöðu til fjölmargra athugasemda frá sveitarfélögum og landshlutasamtökum þeirra um forgangsröðun einstakra framkvæmda. Má sem dæmi nefna ábendingar sveitarfélaga um að hækka þurfi fjárveitingar til að leggja bundið slitlag á tengivegi svo hægt verði markvisst að fækka tengivegum án bundins slitlags víða um land.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri